

## Viðauki 1.1 - 3.5.6 Tenging við núverandi lagnir.

Texti um stærð núverandi lagnar breytist úr DN200 í DN125.

### 3.5.6 TENGINGAR VIÐ NÚVERANDI LAGNIR

Grafa skal frá lögnunum, taka pípubút úr þeim og setja téstykki inn á lagnirnar.

Tengja skal DN100 lögn við núverandi DN~~200~~125 lögn í Stórás með téstykki.

#### **Magnötur og uppgjör:**

*Greitt er ákveðið verð fyrir hverja tengingu við núverandi lagnir eftir stærð lagna. Innifalið er m.a. allur kostnaður við að grafa upp núverandi lagnir, tæma þær, skera þær í sundur, fjarlægja eldri lagnir og tengja nýjar lagnir við þær.*

Tilboðsskrá breytist til samræmis.

	Hemæðaloki DN40	12	stk á kr.		= kr.	0
<b>3.5.6</b>	<b>Tengingar við núverandi lagnir</b>					
	Tétenging við DN200/DN100 <b>DN125/DN100</b>	1	stk á kr.		= kr.	0
<b>3.5.7</b>	<b>Fraudplötur</b>	140	m <sup>2</sup> á kr.		= kr.	0

## Viðauki 1.2 – 3.5.13 Stjórnstöð niðurhleyplingar

Texti verklýsingar breytist þ.a. í stað textans „... fullgera snjóbræðslukerfið.“ kemur textinn „... fullgera stjórnstöð niðurhleyplingar.“:

### 3.5.13.1 Pípulögn

**Almennt** Verktaki setur upp stjórnbúnað fyrir niðurhleypingu á bakvatni eins og teikningar sýna.

Verktaki leggur allt efni til verksins og alla vinnu sem nauðsynleg er til að fullgera stjórnbúnaðinn, eins og hér er lýst.

Verkið skal ná til allra hluta verksins, þannig að í verklok sé pípulögn niðurhleyplingakerfis að fullu uppsett, prófuð og tilbúin til notkunar.

Pípulögn skal öll unnin af fagmönnum með tilskilin réttindi.

#### **Pípulögn úr svörtu stáli**

Efni:

Verktaki skal leggja til allt pípuefni, loka, og tæki sem fram koma á kerfismyndum og allt annað efni sem til þarf til að fullgera **snjóbræðslukerfið stjórnstöð niðurhleyplingar**. Allt efni skal vera vottað. Í eftirfarandi köflum er gefin lýsing á því helsta sem þarf til verksins.

Pípur, tengistykki og tæki:

Verktaki skal leggja pípulögn og setja upp öll tæki skv. kerfismynd og teikningum. Frágangur skal vera snyrtilegur og aðgangur að tækjum, lokum og mælum auðveldur. Pípur skulu lagðar láréttar eða lóðréttar. Leita skal samþykkis eftirlitsmanns um allt efni og tæki sem verktaki hyggst nota.

Vinsamlegast athugið, viðauki þessi er nú hluti útboðsgagna.